



HRUNAMANNAHREPPUR

44. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILÍÐ 2010 – 2014 11. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 7. NÓVEMBER 2013

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2013, þann 7. nóvember 2013 kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Esther Guðjónsdóttir, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til hreppsnefndar:

1. Drög að fjárhagsáætlun 2014-2017. (Fyrri umræða)
2. Ákvörðun um álagningarprósentu útsvars 2014.
3. Tillaga að gjaldskrá fyrir félagsheimili 2014.
4. Tillaga að gjaldskrá fyrir sundlaug og íþróttahús 2014.
5. Tillaga að greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna Hrunamannahrepps 2014.
6. Tillaga að gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi 2014.
7. Tillaga um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Hrunamannahreppi 2014.
8. Stígamót. Fjárbæiðni fyrir árið 2014.
9. Umhverfisstofnun: Tilnefning í vinnuhóp um hugsanlega friðlýsingu Gýgjarfossvirkjun.
10. Matarsmiðjan: Umsókn í vaxtarsamning SASS.
11. Brunavarnir Árnassýslu: Gjaldskrá BÁ og heimild til lántöku.
12. Kammerkór Suðurlands: Styrkbeiðni.
13. Galtafell: Friðlýsing sumarhús Einars Jónssonar.
14. Landbyggðin lífi: Umsókn um styrk.
15. Sýslumaðurinn á Selfoss: Umsögn vegna endurnýjunar leyfis til reksturs gististaðar í flokki I í Dalbæ.
16. Sýslumaðurinn á Selfoss: umsögn vegna endurnýjunar leyfis til reksturs gististaðar í flokki V á Grund.
17. Nefndarsvið Alþingis: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um um leikskóla að loknu fæðingarorlofi.
18. Skóla- og velferðarþjónusta Árneshóla: Minnisblað.
19. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga: Fjármál sveitarfélaga.
20. Heilsueflandi skóli: Fyrirspurn.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

21. Veitustjórn: 29. fundur nefndarinnar frá 28. október s.l.
22. Skólanefnd: Fundargerð 22. fundar vegna Undralands frá 22. október s.l.
23. Skólanefnd: Fundargerð 25. fundar vegna Flúðaskóla frá 22. október s.l.
24. Skólanefnd: Fundargerð 10. fundar vegna æskulýðsmála frá 22. október s.l.
25. Ferða- og menningarnefnd: 20. fundur nefndarinnar frá 21. október s.l.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

26. 64. fundur skipulags- og bygginganefndar frá 31. október s.l., og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 19. september til 29. október 2013.
Mál nr. 7: Afgreiðslur byggingafulltrúa.
Mál nr. 8: Syðra-Langholt 1 og 3. Landskipti.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Starfshópur um skólaþjónustu: Fundargerð frá 30. september s.l.
- b. NOS: Fundargerð um skólaþjónustu 11. október s.l.
- c. SASS: Fundargerð 470. fundar stjórnar frá 7. október.
- d. SASS: Fundargerð 471. fundar stjórnar frá 17. október.
- e. SASS: Fundargerð 472. fundar stjórnar frá 23. október.
- f. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 155. stjórnarfundar frá 1. október s.l.
- g. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 156. stjórnarfundar frá 23. október s.l.

- h. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 157. stjórnarfundar frá 30. október s.l.
- i. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 151. fundar stjórnar frá 27. september s.l.
- j. Sorpstöð Suðurlands bs: Fundargerð 228. stjórnarfundar frá 16. september s.l.
- k. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 229. fundar stjórnar frá 1. október s.l.
- l. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 230. fundar stjórnar frá 10. október s.l.
- m. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 231. fundar stjórnar frá 23. október s.l.
- n. Brunavarnir Árnassýslu: Fundargerð fagraðs frá 30. september s.l.
- o. Brunavarnir Árnassýslu: Fundargerð fagraðs frá 7. október s.l.

Kynningarmál:

- p. Fannborg: Athugasemdir Umhverfisstofnunar.
- q. Styrktarsjóður EBÍ: Styrkur í skróðgarð á Flúðum.
- r. Innanríkisráðuneytið: Framlag jöfnunarsjóðs vegna nýbúa.
- s. Stjórn Kerlingarfjallavina: Fundargerð 1, fundar 19. mars 2013.
- t. Stjórn Kerlingarfjallavina: Fundargerð 2, fundar 16. apríl 2013.
- u. Stjórn Kerlingarfjallavina: Fundargerð 3, fundar 26. ágúst 2013.
- v. Stjórn Kerlingarfjallavina: Fundargerð 4, fundar 7. september 2013.
- w. Héraðsnefnd Árnesinga: Skýrsla starfshóps um leiðir til fjölgunar hjúkrunarrýma.
- x. Innanríkisráðuneytið: Löggæslumál í Árnassýslu.
- y. Innanríkisráðuneytið: Kjalvegur.
- z. Landssamtök hjólreiðarmanna: Samgöngusamningur.
- aa. Þroskahjálpar: Ályktarnir landsþings þroskahjálpar.
- bb. Í þínum sporum: Dagur gegn einelti.
- cc. Suðurlandsskjálfti 2014.
- dd. Suðurland.is: Ljósmyndir.
- ee. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 809. fundar stjórnar frá 25. október s.l.
- ff. Umhverfisstofnun: Könnun á vilja sveitarfélaga og rekstraraðila til að koma á samræmdri flokkun heimilisúrgangs á landsvísu.
- gg. Minnisþing vegna fundar með fjárlaganefnd.

Fundir framundan:

hh. Þjónusturáð um málefni fatlaða: Hvolsvöllur 13. nóvember.

Skýrslur á skrifstofu:

- ii. Skipulags og byggingarfulltrúi Uppsveita: Ársreikningur 2012.
- jj. Þjóðskrá Íslands: Brunabótamat 2013.
- kk. Þjóðskrá Íslands: Fasteignamat 2014.
- ll. Innanríkisráðuneytið: Jöfnunarsjóður. Ársskýrsla 2012.
- mm. Tónlistarskóli Árnesinga: Skýrsla 2013.

Gengið til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Drög að fjárhagsáætlun 2014-2017. (Fyrri umræða)

Lögð voru fram drög að fjárhagsáætlun 2014 og minnisblað um forsendur áætlunarinnar. Sveitastjóri fór yfir helstu kennitölur og forsendur fjárhagsáætlunar Hrunamannahrepps fyrir árið 2014. **Helstu forsendur eru:** Reiknað er með að tekjur af útsvari hækki um 26 milljónir frá áætlun 2013. Gert er ráð fyrir að framlög úr **Jöfnunarsjóði** lækki um 13 milljónir frá áætlun 2013 með viðaukum þar sem óvissa er um framlög og tekjur ríkissjóðs, nemendum í Flúðaskóla fækkar og veruleg lækkun er á tekjujöfnunarframlagi 2013. **Fasteignaskattur** er byggður á bráðabirgðaálagningu fyrir árið 2014. Fyrir liggur að almennt hækkar fasteignamat um 7,8% og á lóðum um 9,0% auk þess sem búast má við að eignum á fasteignaskrá fjölgi. **Álagningarhlutföll** ársins 2014 breytast í A-flokki og lækka úr 0,60% í 0,59% en óbreytt í öðrum flokkum, 1,32% í B-flokki og 1,32% í C-flokki. Gert er ráð fyrir að tekjur vegna fasteignagjalda hækki um kr. 6,8 milljónir frá áætlun 2013 með viðaukum. Lóðaleiga verði áfram 0,5% af fasteignamati. **Gjaldskrár** hækki almennt um 4-5%. **Rekstur einstakra málaflokka var yfirfarinn** með hliðsjón af áætlun 2013 með viðaukum og gerðar breytingar eftir því sem ástæða var talin. Haft var samráð við forstöðumenn deilda. **Þjónustutekjur** sem lagðar eru á með fasteignagjöldum eru áætlaðar með hliðsjón af fyrirbyggjandi tillögum.

Önnur atriði: Gert er ráð fyrir afborgunum lána í samræmi við skilmála þeirra.
Eignasjóður – rekstur: Til tekna færast leigutekjur frá aðalsjóði en til gjalda færast bein rekstrargjöld s.s. viðhald, fasteignagjöld og tryggingar.
Eignasjóður fjármunatekjur og fjármunagjöld: Meðal fjármunatekna og fjármunsgjalda færast vaxtagjöld af langtímaskuldum við aðalsjóð og vegna annarra langtímalána. **Fjárfestingar og lántökur:** Gert er ráð fyrir nettó fjárfestingum að fjárhæð kr. 27,5 millj., aðallega vegna gatnakerfis og hitaveitu en ekki er gert ráð fyrir lántökum í áætluninni. **Helstu niðurstöður:** Samkvæmt niðurstöðum rekstrarreiknings er tekjuafgangur á samstæðunni að fjárhæð kr. 24,4 millj.

Eftir umræður og fyrirspurnir samþykkti sveitarstjórn að vísa áætluninni til seinni umræðu með breytingum sem ræddar voru á fundinum og þau atriði sem þarf að skoða sérstaklega á milli umræðna.

2. **Ákvörðun um álagningarprósentu útsvars 2014.**
Oddviti kynnti og lagði fram tillögu um álagningarprósentu útsvars árið 2014. Lagt er til að álagning verði óbreytt, eða 14,48%. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.
3. **Tillaga að gjaldskrá fyrir félagsheimili 2014.**
Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir Félagsheimilið fyrir árið 2014. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna sem tekur gildi 1. janúar 2014
4. **Tillaga að gjaldskrá fyrir sundlaug og íþróttahús 2014.**
Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir sundlaug og íþróttahús á árinu 2014. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna sem tekur gildi 1. janúar 2014.
5. **Tillaga að greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna Hrunamannahrepps 2014.**
Sveitastjóri lagði fram tillögu að greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna fyrir árið 2014. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.
6. **Tillaga að gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi 2014.**
Oddviti lagði fram tillögu um gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs fyrir árið 2014. Gert er ráð fyrir 5% hækkun frá síðasta ári. Sorphirðugjöld íbúðarhúsa verði kr. 15.000 vegna grátunnu og kr. 5.000 vegna blátunnu. Sorpeyðingargjald íbúðarhúsa verði kr. 17.800, vegna frístundahúsa kr. 15.400 og atvinnuhúsnæðis kr. 38.600. Sérstakt aukasorpgjald þar sem flokkað er eftir magni í 9 flokkum hækkar einnig um 5%. Sveitarstjórn vísar tillögunni til umfjöllunar í Umhverfisnefnd.
7. **Tillaga um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Hrunamannahreppi 2014.**
Oddviti lagði fram og kynnti tillögu að reglum um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti elli- og örorkulífeyrisþega þar sem tekjuviðmið hækka um 8-12%. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.
8. **Stígamót. Fjárbeiðni fyrir árið 2014.**
Oddviti kynnti bréf frá Stígamótum fyrir styrk fyrir rekstur næsta árs. Sveitarstjórn hafnar erindinu.
9. **Umhverfisstofnun: Tilnefning í vinnuhóp um hugsanlega friðlýsingu Gýggjarfossvirkjun.**
Oddviti kynnti málið. Sveitarstjórn samþykkir að tilnefna Halldóru Hjörleifsdóttur í vinnuhópinn og leggur áherslu á að málið verði unnið í samhengi við önnur friðlýsingaráform á Kerlingarfjallasvæðinu.
10. **Matarsmiðjan: Umsókn í vaxtarsamning SASS.**
Oddviti fór yfir umsókn Matarsmiðjunnar í vaxtarsamning SASS. Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í verkefninu og lýsir vilja til að halda áfram samstarfi um Matarsmiðjuna á Flúðum.
11. **Brunavarnir Árnassýslu: Gjaldskrá BÁ og heimild til lántöku.**
Oddviti lagði fram erindi frá Brunavörnum Árnassýslu, annars vegar um gjaldskrá BÁ og hins vegar um lántöku BÁ vegna kaupa á húsnæðinu að Árvegi 1, Selfossi.
Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána að öðru leyti en því að gjaldtaka fyrir akstur vegna lögbundinna verkefna BÁ falli niður til að gæta jafnræðis milli stofnana og fyrirtækja á öllu svæðinu.

Hrunamannahreppur samþykkir hér með að veita Brunavörnum Árnessýslu, sem sveitarfélagið á í samvinnu við önnur sveitarfélög, einfalda og hlutfallslega ábyrgð miðað við eignarhluti 31. desember 2012 í Brunavörnum Árnessýslu vegna lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 300.000.000 kr. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 1. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og veitir sveitarstjórnin lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til að fjármagna höfuðstöðvar félagsins, sem fellur undir lánshæf verkefni sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Sveitarstjórn skuldbindur hér með sveitarfélagið sem einn af eigendum Brunavarna Árnessýslu til að selja ekki félagið að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að Hrunamannahreppur selji eignarhlut sinn í Brunavörnum Árnessýslu til annarra opinberra aðila, skuldbindur Hrunamannahreppur sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt er Jóni G. Valgeirssyni, sveitarstjóra Hrunamannahrepps, kt. 060568-4809, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Hrunamannahrepps veitingu ofangreindrar veðtryggingar og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar sem tengjast veitingu tryggingar þessarar.

12. Kammerkór Suðurlands: Styrkbeiðni.

Oddviti lagði fram beiðni frá Kammerkórnum um styrk vegna tónleikaferðar. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

13. Galtafell: Friðlýsing sumarhús Einars Jónssonar.

Oddviti fór yfir erindi frá Minjastofnun Íslands um fyrirhugaða friðlýsingu sumarhúss Einars Jónssonar í Galtafelli. Sveitarstjórn samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

14. Landsbyggðin lifi: Umsókn um styrk.

Oddviti fór yfir erindi um styrk frá samtökunum Landsbyggðin lifir. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

15. Sýslumaðurinn á Selfoss: Umsögn vegna endurnýjunar leyfis til reksturs gististaðar í flokki I í Dalbæ.

Oddviti kynnti beiðni vegna umsagnar á endurnýjun til reksturs gististaðar í Dalbæ. Sveitarstjórn samþykkir gistileyfið og staðfestir að staðsetningin sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag kveða á um.

16. Sýslumaðurinn á Selfoss: umsögn vegna endurnýjunar leyfis til reksturs gisti- og veitingastaðar á Grund.

Oddviti kynnti beiðni vegna umsagnar á endurnýjun leyfis til rekstrar gisti- og veitingastaðar á Grund. Sveitarstjórn samþykkir fyrirhugaðan afgreiðslutíma og staðfestir að staðsetning staðarins sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag kveða á um.

17. Nefndarsvið Alþingis: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi.

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá nefndarsviði Alþingis um tillögu til þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi.

18. Skóla- og velferðarþjónusta Árnespings: Minnisblað.

Oddviti lagði fram minnisblað frá nefnd oddvita og sveitarstjóra (NOS) vegna skólaþjónustu í Árnespingi utan Árborgar. Þar er gert ráð fyrir að sérfræðiþjónusta vegna skóla verði samþætt velferðarþjónustu Árnespings og stofnuð verði sameiginleg skóla- og velferðarnefnd. Gert er ráð fyrir að þjónustan taki til starfa um næstu áramót. Sveitarstjórn samþykkir að Hrunamannahreppur verði aðili að Skólaþjónustu Árnespings að því tilskyldu að önnur sveitarfélög samþykki einnig þátttöku. Sveitarstjórn samþykkir ennfremur að nú þegar verði auglýst eftir 2 kennsluráðgjöfum (leik- og grunnskóla) og einum sálfræðingi. Þá verði samningur um velferðarþjónustu endurskoðaður og skólaþjónustan samþætt henni og samþykktir sveitarfélagsins aðlagðar þessum breytingum.

19. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga: Fjármál sveitarfélaga.

Oddviti fór yfir erindi frá nefndinni vegna fyrirspurnar um fjármál sveitarfélagsins og eftirlitshlutverk sveitarstjórnar. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að svara erindinu í samræmi við umræður á fundinum.

20. Heilsueflandi skóli: Fyrirspurn.

Oddviti fór yfir bréf sem barst frá stýrihópi á vegum Flúðaskóla sem skipuleggur starf vegna heilsueflandi skóla. Sveitarstjórn þakkar fyrir erindið og tekur undir að nauðsynlegt sé að hvetja alla starfsmenn sveitarfélagsins til heilsueflingar. Sveitarstjórn telur ekki fært að veita starfsmönnum Flúðaskóla sérkjör vegna aðgangs að íþróttamannvirkjum en bendir á að gjaldskrá fyrir afnot af þeim er afar hófstíllt og sveitarfélagið er að niðurgreiða verulega alla notkun á íþróttamannvirkjum. Varðandi fyrirspurn um handbók fyrir starfsfólk grunnskóla með leiðbeinandi reglum um öryggi nemenda og slysavarnir í skólum er því vísað til skólanefndar.

21. Næsti fundur sveitarstjórnar

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði þriðjudaginn 10. desember nk. kl. 14.00 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

22. Veitustjórn: 29. fundur nefndarinnar frá 28. október s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 29. fundar veitustjórnar. Farið var yfir stöðuna á rekstri vatns- og fráveitu, lagðar fram tillögur að gjaldskrám fyrir hitaveitu, fráveitu og vatnsveitu og lögð fram fjárhagsáætlun fyrir Hitaveitu Flúða 2014. Þá var farið yfir hitastigsmælingu á borholu á Kópsvatni, málefni frambæjarveitu og dælustöðvar í Miðfelli rædd, beiðni sóknarnefnda Hrunakirkju tekin fyrir og farið yfir önnur mál.

Gert er ráð fyrir að gjaldskrá hitaveitunnar hækki almennt um 4% en heimæðagjöld hækki ekki.

Gjaldskrá vegna vatnsveitu vegna íbúðarhúsnæðis lækki úr 0,27% í 0,25% af fasteignarmati en lágmarksgjald hækkar í kr. 30.700 eða um 4%. Hámarksgjald á íbúðarhúsnæði lækki úr kr. 60.000 í kr. 55.000. Fast vatnsgjald í frístundahúsnæði hækkar um 4% og verður kr. 30.700. Vatnsgjald í atvinnuhúsnæði verður óbreytt 0,15% af fasteignarmati og lágmark lækkar úr kr. 70.000 í kr. 65.000. Heimæðagjöld hækka ekki. Aðrar hækkanir nema 4%.

Gjaldskrá vegna fráveitu lækkar á íbúðar- og atvinnuhúsnæði í þéttbýlinu á Flúðum úr 0,27% í 0,25% af fasteignarmati og hámarksgjald íbúðarhúsnæðis lækkar úr kr. 54.000 í kr. 52.000. Hámarksgjald á atvinnuhúsnæði verður óbreytt kr. 180.000. Árlegt gjald fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa utan þéttbýlisins á Flúðum verður kr. 7.300 og hækkar um 4% en hreinsað verður á 3ja ára fresti. Heimæðagjöld í þéttbýlinu á Flúðum hækka ekki. Aðrar hækkanir nema 4%.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina og þær gjaldskrár og gjaldskrárbreytingar sem lagðar voru til.

23. Skólanefnd: Fundargerð 22. fundar vegna Undralands frá 22. október s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 22. fundar skólanefndar vegna Undralands frá 22. október. Farið var yfir fjárhagsáætlun og gjaldskrá fyrir árið 2014 og farið yfir vinnu við skólanámskrá. Nefndin leggur til 5% hækkun á leikskólagjöldum frá og með 1. janúar nk., gjald fyrir hádegisverð hækki úr kr. 280 í kr. 310, morgunhressing hækki úr kr. 64 í kr. 67 og síðdegishressingu úr kr. 97 í kr. 102 allt frá og með 1. jan. n.k. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

24. Skólanefnd: Fundargerð 25. fundar vegna Flúðaskóla frá 22. október s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 25. fundar skólanefndar vegna Flúðaskóla frá 22. október s.l. Farið var yfir tillögur að gjaldskrám mótuneytis og skólasels, farið yfir fjárhagsáætlun 2014 og skipurit Flúðaskóla. Nefndin leggur til að verð á hressingu hækki úr kr. 64 í kr. 67 og skólamáltíð hækki úr kr. 280 í kr. 310 fyrir börn og starfsfólk sveitarfélagsins frá og með 1. janúar nk. Þá leggur hún til að tímagjald vistunar í skólaseli hækki úr kr. 270 í kr. 284, gjald fyrir máltíð úr kr. 94 í kr. 99 frá og með 1. janúar nk. Máltíð vegna Heimalands hækkar um 10% frá og með 1. janúar 2014 úr kr. 452 í kr. 497. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

25. Skólanefnd: Fundargerð 10. fundar vegna æskulýðsmála frá 22. október s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 10. fundar nefndarinnar. Farið var yfir tillögu að fjárhagsáætlun. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

26. **Ferða- og menningarnefnd: 20. fundur nefndarinnar frá 21. október s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 20. fundar nefndarinnar. Farið var yfir hugmyndir vegna 300 ára fæðingarafmælis Fjalla-Eyvindar. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina og samþykkir að skoðað verði fyrir næsta fund sveitarstjórnar að gera ráð fjármagni í fjárhagsáætlun 2014 vegna afmælishátíðinnar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

27. **64. fundur skipulags- og bygginganefndar frá 31. október s.l, og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 19. september til 29. október 2013.**
Mál nr. 7: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
Mál nr. 8: Syðra-Langholt 1 og 3. Landskipti.
Oddviti kynnti fundargerð 64. fundar Skipulags- og bygginganefndar frá 31. október s.l. ásamt afgreiðslur byggingarfulltrúa. Afgreiðsla einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp er eftirfarandi:
Mál nr. 7: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. september til 29. október 2013.
Mál nr. 8: Syðra-Langholt 1 og 3, landskipti.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir landskiptin með vísun í 48. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fyrirvari er gerður um lagfæringu gagna í samræmi við ábendingar skipulags- og byggingarfulltrúa og samþykki eigenda aðliggjandi lands á hnitsetningu landamarka.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. **Starfshópur um skólaþjónustu: Fundargerð frá 30. september s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- b. **NOS: Fundargerð um skólaþjónustu 11. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- c. **SASS: Fundargerð 470. fundar stjórnar frá 7. október.**
Lagt fram til kynningar.
- d. **SASS: Fundargerð 471. fundar stjórnar frá 17. október.**
Lagt fram til kynningar.
- e. **SASS: Fundargerð 472. fundar stjórnar frá 23. október.**
Lagt fram til kynningar.
- f. **Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 155. stjórnarfundar frá 1. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- g. **Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 156. stjórnarfundar frá 23. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- h. **Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 157. stjórnarfundar frá 30. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- i. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 151. fundar stjórnar frá 27. september s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- j. **Sorpstöð Suðurlands bs: Fundargerð 228. stjórnarfundar frá 16. september s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- k. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 229. fundar stjórnar frá 1. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- l. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 230. fundar stjórnar frá 10. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- m. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 231. fundar stjórnar frá 23. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- n. **Brunavarnir Árnessýslu: Fundargerð fagraðs frá 30. september s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- o. **Brunavarnir Árnessýslu: Fundargerð fagraðs frá 7. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- p. **Fannborg: Athugasemdir Umhverfisstofnunar.** Lagt fram til kynningar.
- q. **Styrktarsjóður EBÍ: Styrkur í skrúðgarð á Flúðum.** Lagt fram til kynningar.
- r. **Innanríkisráðuneytið: Framlag jöfnunarsjóðs vegna nýbúa.** Lagt fram til kynningar.
- s. **Stjórn Kerlingarfjallavina: Fundargerð 1, fundar 19. mars 2013.** Lagt fram til kynningar.
- t. **Stjórn Kerlingarfjallavina: Fundargerð 2, fundar 16. apríl 2013.** Lagt fram til kynningar.
- u. **Stjórn Kerlingarfjallavina: Fundargerð 3, fundar 26. ágúst 2013.** Lagt fram til kynningar.
- v. **Stjórn Kerlingarfjallavina: Fundargerð 4, fundar 7. september 2013.** Lagt fram til kynningar.
- w. **Héraðsnefnd Árnesinga: Skýrsla starfshóps um leiðir til fjölgunar hjúkrunarrýma.** Lagt fram til kynningar.
- x. **Innanríkisráðuneytið: Löggæslumál í Árnessýslu.** Lagt fram til kynningar.
- y. **Innanríkisráðuneytið: Kjalvegur.** Lagt fram til kynningar.
- z. **Landssamtök hjólreiðarmanna: Samgöngusamningur.** Lagt fram til kynningar.
- aa. **Þroskahjálp: Ályktarnir landsþings þroskahjálpar.** Lagt fram til kynningar.
- bb. **Í þínum sporum: Dagur gegn einelti.**
- cc. **Suðurlandsskjálfti 2014.** Lagt fram til kynningar.
- dd. **Suðurland.is: Ljósmyndir.** Lagt fram til kynningar.
- ee. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 809. fundar stjórnar frá 25. október s.l.** Lagt fram til kynningar.
- ff. **Umhverfisstofnun: Könnun á vilja sveitarfélaga og rekstraraðila til að koma á samræmdri flokkun heimilisúrgangs á landsvísu.** Lagt fram til kynningar.
- gg. **Minnispunktur vegna fundar með fjárlaganefnd.** Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- hh. **Þjónusturáð um málefni fatlaða: Hvolsvöllur 13. nóvember.** Lagt fram til kynningar.

Skýrslur á skrifstofu:

- ii. **Skipulags og byggingarfulltrúi Uppsveita: Ársreikningur 2012.** Lagt fram til kynningar.
- jj. **Þjóðskrá Íslands: Brunabótamat 2013.** Lagt fram til kynningar.
- kk. **Þjóðskrá Íslands: Fasteignamat 2014.** Lagt fram til kynningar.
- ll. **Innanríkisráðuneytið: Jöfnunarsjóður. Ársskýrsla 2012.** Lagt fram til kynningar.
- mm. **Tónlistarskóli Árnesinga: Skýrsla 2013.** Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18.00.